

Nd.

### 231. Nefndarálit

nm frumvarp til laga um hvalveiðar.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um þetta mál.

Minni hlutinn lítur svo á, að sjerleyfi til hvalvinslu mundi ekki koma landsmönnum að tilætludum notum. Sjerleyfi sem þetta mundi aðeins verða á yfirborðinu í höndum landsmanna, en útlendingar einir hafa þess not. Í öðru lagi lítur minni hlutinn svo á, að hvalafriðunarlögin frá 1903 og lög um hvalveiðamenn frá 1913 hafi verið í rjetta átt, svo alger eyðilegging ætti sjer ekki stað á þessu lagardýri. Engar sannanir liggja fyrir um það, að hvölum hafi fjölgað svo í norðurhöfum, að ný herferð gegn þeim gæti ekki þýtt algerða eyðing þeirra. Ennfremur mun nú sú stefna uppi meðal Breta, að vinna að alheimsfriðun á hvölum. Nái sú hugmynd alþjóða hylli og samþykt, teldum við illa til þeirra mála lagt af vorri hálfu, ef hvalafriðunarlögin væru úr gildi numin. — Stundarhagnaður sá, er af hvalveiðum mundi leiða fyrir þau bygðarlög, sem hvalvinslan ætti sjer stað, ef upp yrði tekin, teljum við tvíeggjaðan, og ekkert heldur upplýst um það, að nauðsynlegt fjármagn sje fyrir hendi til að hrinda slíkum stórrekstri af stað.

Við leggjum því til, að frumvarpið verði felt.

Alþingi, 17. febr. 1928.

Jörundur Brynjólfsson.

Sigurjón Á. Ólafsson,  
frsm. minni hl.